

Sólhvörf verkefni (20%)

Í skáldsögunni *Sólhvörf* er blandað saman yfirnáttúru og hefðbundinni norrænni glæpasögu. Aðalpersónur sögunnar eru mæðgur, huldumiðillinn **Bergrún Búadóttir** og dóttir hennar **Brá Bjarkadóttir**. Í skáldsögunni koma fyrir ýmsar þjóðsagnaverur.

Þetta verkefni er í tveimur 10% hlutum:

A. Hugleiðing um þjóðsagnaverur í *Sólhvörfum*

1. Veldu þjóðsagnaveru af þessum lista; *tröll, álfar, útilegumenn, mörur, Grýla, Skröggur, dvergar, jólasveinar, nornir*, og kynntu þér hvernig þær birtast í íslenskum þjóðsögum. Þú getur notað vef **Snerpu**: <https://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm> um þjóðsögur og **Sagnagrunn**: <https://ismus.is/tjodfraedi/sagnir/> til að finna þjóðsögur til að skoða.
2. Segðu frá birtingarmynd þeirra í þjóðsögum og segðu frá (gerðu útdrátt úr) a.m.k. einni þjóðsögu um viðkomandi veru. Ath. að í Sagnagrunni eru oft útdrættir úr sögum. Þið þurfið að umorða þá með eigin orðum ef þið notið þá.
3. Berðu saman hvernig veran birtist í þjóðsögum og *Sólhvörfum* og segðu frá þínum hugleiðingum varðandi það.

B. Persónugreining á aðalpersónu í *Sólhvörfum*

1. Veldu aðra hvora aðalpersónuna og kynntu þér hvernig hún kemur fyrir í sögunni
2. Skoðaðu einkum; *persónueinkenni, persónuþróun, áhugahvöt, samskipti, sambönd, innri og/eða ytri átök, áhrif á sögupráðinn og útlit*. **Nefndu dæmi úr sögunni til að styðja við mál þitt.**
3. Dragðu saman í lokin eigin skoðun á persónunni, bæði sem manneskju og sögupersónu, og passaðu þig á að **rökstyðja skoðun þína**.

Eins og í öllum verkefnum er miðað við snyrtilegan frágang verkefna, forsíðu sem uppfyllir fræðileg skilyrði, 12-14 punkta læsilegt letur (Times New Roman, Arial eða Calibri) og 1,5 línubil. Ath. ekki þarf að vísa í heimildir í þessu verkefni.

Verkefninu skilar þú í skilakassa í Moodle í vikunni 22. til 28. apríl.